

92. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, 15.06.2011

Mætt: Þór Hreinsson, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Ingvar Pétur boðaði forföll; Ragnheiður Hergeirsdóttir, varamaður hans, boðaði einnig forföll. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, fr.kv.stj.

1. Húsnæðismál. Sandvíkurskóli, staða mála.

Framkvæmdastjóri kynnti gang mála. Ekkert enn er fast í hendi.

2. Leigusamningur við Rangárþing eystra vegna fyrirhugaðs útibús FnS á Hvolsvelli.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að leigusamningi. Stjórn felur fr.kv.stj. að vinna áfram að málinu á þeim nótum er fram kemur í drögunum.

3. Vorönn 2011.

Fjöldi námskeiða er töluvert meiri (57) en á síðustu vorönn (43). Sennilega hafa aldrei verið haldin jafn mörg námskeið á einni og sömu önninni á vegum fræðslunetsins. Þar af eru 5 námskeið haldin í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands. Kennarastundir eru tæplega 2000 nú á móti um 1500 fyrir ári. Nemendastundir eru tæplega 19000. Nokkur námskeið eru nálægt lágmarksnemendafjölda og skila því litlum tekjum.

4. Haustönn 2011.

Haustönnin er nánast frágengin. Námsvísir fer í prentun í ágúst og dreifingu í byrjun september. Hann er nú 16 síður, miðað við 12 áður. Steinunn Ósk, verkefnisstjóri FnS hefur séð um uppsetningu námsvísisins. Ánægjulegt er að stofnunin heldur kennaraliði sínu. Stefnt er að því að Fræðslunetið hefji starfsemi á Hvolsvelli í haust og verkefnisstjóri verði þar 3 daga í viku í 60% hluta af starfi sínu. Þetta kallar á aukið stöðuhlutfall sem því nemur hjá stofnuninni, til að fylla skarð verkefnisstjóra á skrifstofunni á Selfossi, en áður hafði stjórn samþykkt 50% starfshlutfall þar eystra. Stjórn samþykkir þessa 10% aukningu frá fyrri samþykkt.

5. Niðurfelling krafna.

Útistandandi kröfur hafa verið nokkrar, sumar nokkuð gamlar. Þegar hefur nokkuð verið afskrifað.

6. Styrkir til Fræðslunetsins.

FnS sótti um 3 styrki, til Menningarráðs Suðurlands (Manngerðir hellar í Rangárvallasýslu) og Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu (Járningar og hófhirða og Enska fyrir fullorðna, samning kennsluefnis), og fékk styrki til allra verkefnanna, samtals 4,6 milljónir.

Fundi slitið kl. 17.45

